



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

## Skútustaðahreppur

### 16. nóvember 2021

Kæru Mývetningar! Nóvember genginn í garð og snjórinn farinn að láta sjá sig. Fjárhagsáætlunargerð er á fullri siglingu hjá sveitarfélaginu og stefnt að áframhaldandi sókn í fjárfestingum, m.a. í samstarfi við Vegagerðina. Förum aðeins yfir það helsta sem er á döfinni.

### Förum varlega – þetta er ekki alveg búið

Covid-19 hefur látið á sér kræla upp á síðkastið. Góðu heilli hafa smit í Mývatnssveit verið afar takmörkuð og full ástæða til að hrósa sveitungum fyrir aðgát og góðar persónulegar sóttvarnir hingað til. Höldum áfram að passa okkur og gætum að sóttvörnunum áfram, sem hingað til!

### Tvö störf auglýst í Mývatnssveit

Vert er að benda á tvö störf sem hafa verið auglýst af hálfu Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Umhverfisstofnun hefur auglýst starf sérfræðings á sviði náttúruverndar og Vatnajökulsþjóðgarður hefur auglýst stöðu aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar. Frekari upplýsingar um störfina má finna á starfatorgi

- [Umhverfisstofnun](#)
- [Vatnajökulsþjóðgarður](#)



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun: Sérfræðingur  
á sviði náttúruverndar



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í  
Mývatnssveit

### Endurskoðun aðalskipulags

Sveitarstjórnarfolk í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi hittist nýlega til að ræða endurskoðun aðalskipulaga sveitarfélaganna. Árni Geirsson, framkvæmdastjóri Alta, stýrði fundinum, þar sem ýmis álitamál varðandi endurskoðun aðalskipulaganna voru rædd.



### Þróunarsvið Byggðastofnunar heimsækir Skútustaðahrepp

Þróunarsvið Byggðastofnunar heimsótti á dögnum Skútustaðahrepp. Oddviti og sveitarstjóri tóku á móti öflugum hópi frá Byggðastofnun, þar sem málefni á borð við Nýsköpun í norðri, sameining við Þingeyjarsveit, Hamingjuverkefni, fjárfestingar í innviðum, skipulag við Skjólbrekku og þróun í Gíg komu m.a. til umræðu, ásamt áherslu á störf án

staðsetningar, forystu í loftslagsmálum og samþætting og uppbyggingu heilsugæslu og félagsaðstoðar á Laugum. Að loknum fundahöldum var haldið yfir í Gíg og staðan tekin á framkvæmdum með Önnu Þorsteinsdóttur, þjóðgarðsverði Vatnajökulsþjóðgarðs.



### Fundað með Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri, mættu til fundarins.

Sveitarstjórn þakkar Sigrúnu og Ingu fyrir góða umræðu. Stefnt er að sameiginlegu minnisblaði sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar um samstarf á svæðinu til framtíðar. Stefnt er að öðrum fundi fyrir lok árs.

### Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda. Sveitarfélagið sendi umsögn um drögin, sem byggði m.a. á umfjöllun umhverfisnefndar og vinnu umhverfisfulltrúa með bændum innan sveitarfélagsins.

Í umsögninni segir m.a: „Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að fram sé komin reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Sjálfbær landnýting er grundvöllur fæðuöryggis á Ísland og afar mikilvæg í samhengi baráttunnar gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Skútustaðahreppur styður eindregið að markaður verði skýr rammi um sjálfbæra landnýtingu. Að því

sögðu er mikilvægt að hafa í huga að sjálfbær þróun grundvallast á samfélagslegum og efnahagslegum forsendum, ekki síður en umhverfislegum. Því er mikilvægt að ramma um sjálfbæra landnýtingu fylgi nauðsynlegt fjármagn til nýsköpunar, þ.a. styðja megi þróun bænda og annarra sem nýta land. Þannig verður stuðlað að langtíma hagsæld, árangri í loftslagsmálum og viðnámsþrótti samfélaga sem byggja afkomu sína á nýtingu landgæða.“

### Drög að loftslagsstefnu

Umhverfisnefnd hefur fjallað um drög að loftslagsstefnu Skútustaðahrepps. Loftslagsstefnum sveitarfélaga skulu innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Umhverfisnefnd þakkar sveitarstjóra og Hildi Ástu kynningu sína á þeirri vinnu sem er hafin við gerð loftslagsstefnunar. Nefndin fjallaði um fyrstu drög af stefnunni, samstarf við Greenfo og næstu skref í vinnunni. Stefnt er að kynningarfundi um stefnuna á næstunni. Sveinn kynnti einnig þá vinnu sem fór fram á vinnustofu SSNE um loftslagsstefnur sveitarfélaga 28. október á Breiðumýri. Nefndin þakkar Hildi Ástu fyrir hennar vinnu við gerð stefnunnar.

### Framkvæmdir við göngu- og hjólastíg

Framkvæmdir við göngu- og hjólastíg halda áfram, en næsti áfangi stígsins liggur frá Dimmuborgum og að Skútustöðum. Vegagerðin hélt morgunverðarfund nýlega og fjallaði um uppbyggingu göngu- og hjólastíga. Valtýr Þórisson, sviðsstjóri hjá Vegagerðinni, fjallaði m.a. um uppbygginguna á stígnum umhverfis Mývatn. Upptöku af fundinum má finna [hér](#).



## Uppbygging hringrásarhagkerfis

Skútustaðahreppur hefur lagt mikla áherslu á uppbyggingu hringrásarhagkerfis innan sveitarfélagsins. Meðal aðgerða sem ráðist hefur verið í er samstarf mötuneytis sveitarfélagsins við framleiðendur í nærsamfélaginu og Matarskemmuna á Laugum.

Uppbygging hringrásarhagkerfis er talið vera lyklatríði í því hvernig takast má við loftslagsvá samtímans. Í því samhengi hefur samband íslenskra sveitarfélaga fjallað um uppbyggingu hringrásarhagkerfis. Finna má frekari upplýsingar um umfjöllun sambandsins hér að neðan:

- [Kynning á stjórnarfundum sambandsins um úrgangsmál](#)
- [Grein um hringrásarhagkerfið](#)

## Góð stemning í pottinum

Það er búið að opna heita pottinn í Íþróttamiðstöðinni og full ástæða til að hvetja sveitunga til að ylja sér þar, taka spjallið við náungann og njóta norðurljósanna!



## Hrós dagsins

Fá Jónas og Ásgeir fyrir snör handtök við stigamennsku við ljósastaura Reykjahlíðar. Framundan er tími jólaskeytinga og eins gott að hafa allt í stakasta lagi áður en jólastjörnurnar mæta á staðinn!



Aðeins þeir sem þora að gera mikil mistök geta náð góðum árangri (Robert F. Kennedy)  
**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**